

14. júní 2012 | Finnur.is | 473 orð | 1 mynd

## Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar greiði fötluðum leiðina út í lífið

### Réttindi fólks eru ekki bara til skrauts



Þekkingarstarfsfólk Sjálfsbjargar. Frá vinstri; Sigurbjörg Daníelsdóttir, Rannveig Bjarnadóttir, Guðný Bachman og Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir. Fremstur er Andri Valgeirsson. — Morgunblaðið/Styrmir Kári

Starfsemi okkar getur haft mikil áhrif í þá veru að bæta líf og aðstöðu fatlaðs fólks.

Starfsemi okkar getur haft mikil áhrif í þá veru að bæta líf og aðstöðu fatlaðs fólks. Hér á að vera hægt að fá upplýsingar um allt milli himins og jarðar sem snýr að málum fatlaðs fólks sem margt leggur ekki í að kynna sér réttindi sína, hvað þá nýta þau. Réttindi eru að sjálfsögðu ekki til skrauts. Sú spurning er áleitn hvers vegna fólk nýtir sér ekki þá möguleika til betra lífs sem bjóðast, því þeir eru afar margir,“ segir Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir forstöðumaður Þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar sem opnuð var í sl. viku.

### Upplýsingar á einum stað

Opnun Þekkingarmiðstöðvar, þar sem á einum stað má fá upplýsingar um rétt og stöðu fatlaðs fólks, segir Guðbjörg í samræmi við stefnu Sjálfsbjargar. Betra aðgengi að upplýsingum sé eitt af helstu áherslumálum samtakanna og raunar séu þessi mál í brennidepli mjög víða, meðal annars í krafti samnings Sameinuðu

## Þjófanna um réttindi fatlaðs fólks.

Hingað til hafa upplýsingar um réttindi og stöðu fatlaðra einstaklinga legið víða, svo sem hjá ráðuneytum, stofnunum, sveitarfélögum og fyrirtækjum. „Algengt er að fólk sé sent úr einum stað í annan án þess að fá úrlausn mála. Jafnframt hefur margt breyst eftir að þjónusta sem ríkið veitti fötluðu fólki fluttist að miklu leyti en ekki öllu yfir til sveitarfélaganna. Það hefur aukið flækjurnar,“ segir Guðbjörg sem telur takmarkaðar upplýsingar hafa verið girðing fyrir það að fólk með fötlun kæmist út í lífið.

„Sem dæmi má nefna að margir lífeyrisþegar þekkja ekki áhrif launatekna á lífeyri sinn og þora því jafnvel ekki að taka hlutastarfi. Eru hræddir um að koma verr út fjárhagslega en bara með lífeyrisgreiðslunum. Annað dæmi er að fólk veit stundum ekki hvernig aðgengi er að skemmtistöðum og hvernig það geti komist leiðar sinnar þegar ferðaþjónusta fatlaðra hættir akstri á kvöldin. Menntun er líka hluti af lífinu og getum við veitt upplýsingar til dæmis um aðstoð og aðgengi í framhaldsskólum og háskólum. Svona gæti ég haldið lengi áfram,“ segir Guðbjörg sem telur líklegt að helstu spurningarnar sem berist verði um hjálpartæki, réttindi og aðgengi.

## Hlutlaus vettvangur

„Þjónusta Þekkingarmiðstöðvarinnar er fyrir alla. Við munum ekki spyrja að því hvort fólk sé fatlað eða ekki þegar það hefur samband. Þjónustan mun vonandi nýtast sem flestum, til dæmis geta fyrirtæki haft samband til að fá upplýsingar um stærð og gerð bílastæðis fyrir hreyfihamlaða einstaklinga sem eru að hefja störf. Allir geta leitað til okkar um upplýsingar,“ segir Guðbjörg sem undirstrikar að Þekkingarmiðstöðin sé hlutlaus vettvangur og muni ekki blanda sér í réttindabaráttu fatlaðs fólks.

Í dag starfa fimm ráðgjafar hjá Þekkingarmiðstöðinni í tæplega fjórum stöðugildum. Tveir ráðgjafanna eru hreyfihamlaðir enda er það eitt af markmiðum miðstöðvarinnar að hluti starfsmanna hverju sinni sé fatlaður. „Þessir tveir einstaklingar hafa farið í gegnum vöðundarhús kerfisins og þekkja málin því af eigin raun. Að geta miðlað af þeirri reynslu skiptir okkur miklu máli,“ segir Guðbjörg að síðustu.

[www.thekkingarmidstod.is](http://www.thekkingarmidstod.is)

[sbs@mbl.is](mailto:sbs@mbl.is)

[mbl.is/Árvakur hf.](http://mbl.is/Árvakur hf.) © 2012 | Hádegismóum 2, 110 Reykjavík | sími 569-1100, simbréf 569-1110 | fréttasími 569-1200